

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Laufey Sigurðardóttir
fiðla
og
Elísabet Waage
harpa

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

Þriðjudaginn 15. ágúst 1995 kl. 20:30

Laufey Sigurðardóttir lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1974. Hún var við framhaldsnám í Bandaríkjunum hjá prófessor Neikrug á árunum 1974-80 og hefur sótt námskeið hjá Arthur Grumiaux í Belgíu. 1984-85 hlaut Laufey ítalskan ríkisstyrk til námsdvalar í Róm. Hún hefur verið fastráðin hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands síðan 1980 og kennari við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún hefur komið fram sem einleikari á öllum Norðurlöndunum, Hollandi, Spáni, Bandaríkjunum og Rússlandi. Mörg íslensk tónskáld hafa samið verk sérstaklega fyrir Laufeyju, sem hún hefur frumflutt. Laufey hlaut starfslaun íslenska ríkisins fyrir tímabilið 1994-95.

Elísabet Waage stundaði nám í píanóleik hjá Halldóri Haraldssyni og hörpuleik hjá Moniku Abendroth við Tónlistarskólann í Reykjavík. Að loknu píanókennaraprofi fór hún í framhaldsnám í Konunglega Tónlistarháskólann í Haag og nam þar hjá hinum virta hörpuleikara Edward Witsenburg. Hún lauk einleikara- og kennaraprófi árið 1987. Elísabet býr til skiptis í Hollandi og á Íslandi. Hún hefur starfað mikið með hollenska flautuleikaranum Peter Verduyn Lunel meðal annars á vegum stofunarinnar Yong Musicians. Nýlega kom út geisladiskur með leik þeirra.

Elísabet hefur leikið einleik með Kammersveit Reykjavíkur, Íslensku hljómsveitinni, Autunno Ensemble í Hollandi, Avanti í Finnlandi og Århus Sinfonietta í Danmörku. Sumarið 1993 var Elísabetu boðið að leika á Heimsþingi hörpuleikara sem haldið er á þriggja ára fresti og að þessu sinni í Kaupmannahöfn. Kammermúsik hefur alltaf verið mikilvægur hluti starfs hennar en auk þess leikur hún í hljómsveitum meðal annars Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Laufey Sigurðardóttir og Elísabet Waage hafa spilað saman annað veifið, meðal annars hjá Íslensku hljómsveitinni, Sumartónleikum á Norðurlandi og í Hollandi.

Efnisskrá

- | | |
|------------------------------------|---|
| Mist Porkelsdóttir
f. 1960 | Haustlauf (1994) |
| Willem de Vries Robbé | Sonatine (1934 - endurskoðuð 1985)
I Canzone
II Scherzo
III Adagio
IV Canzone |
| Sergei Rachmaninoff
1873 - 1943 | Vocalise, op. 34 no. 14 |
| Jórunn Viðar
f. 1918 | Íslensk svíta
1 Ávarp
2 Óttusöngur
3 Þjóðlag (Hættu að hrína Mangi minn)
4 Fiðlulag
5 Vikivaki |